

27. fundur

Byggðaráð Langanesbyggðar kom saman til fundar í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn, þriðjudaginn 7. október 2008 kl. 17.30.

Mættir: Þórir Jónsson, formaður, Siggeir Stefánsson og Sigurður Ragnar Kristinsson.

Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Fræðslu- og menningarnefnd, 24.09.08.
Varðandi liði er lúta að framtíðar efnis- og tækjakaupum felur byggðaráð sveitarstjóra frekari úrvinnslu í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar 2009. Sveitarstjóra er falið að koma á framfæri við hlutaðeigandi afgreiðslu nefndarinnar á styrkumsóknum sem og að vera í sambandi við Vopnafirðinga varðandi samstarf um Landsbyggðartónleika. Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Umhverfis-skipulags- og bygginganefnd, 01.10.08.
Sveitarstjóra falið að koma afgreiðslu USB- nefndar á beiðni hestamannafélagsins Snæfæxa um tengingu reiðveggar á framfæri við hestamannafélagið. Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Íþrótta- og tómstundanefnd, 02.10.08.
Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Halldór E. Laxness um starf íþrótta- og tómstundafulltrúa Langanesbyggðar. Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Mál. Staða framkvæmda.

(Þórir Jónsson vék af fundi undir þessum lið).

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Sveitarstjóra veitt umboð til að undirrita fyrirbyggjandi verksamning um verkið „ Malbikun á Þórshöfn- undirbúningsframkvæmdir“ að því gefnu að öll fylgigögn samnings liggja fyrir. Sveitarstjóra er jafnframt veitt umboð, fyrir hönd Langanesbyggðar, til undirritunar lánsamnings (nr. 42/2008)við Lánasjóð sveitarfélaga vegna framkvæmdarinnar. Hluti umrædds láns skal ráðstafað til að standa straum af kostnaði við endurbætur á skólahúsnæði Grunnskólans á Þórshöfn.

3. Mál. Innsend erindi.

Til kynningar.

- Fundargerð héraðsráðs.
Fram kemur í fundargerð héraðsráðs að ný lög varðandi skipan almannavarnanefnda kalli ekki á breytt fyrirkomulag þessara mála í Þingeyjarsýslum. Þar með er erindi Langanesbyggðar varðandi þessi mál svarað.
- Sparisjóður Þórshafnar og nágr. - Bréf, 02.10.08.
Lagt fram bréf frá stjórn Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis þar sem fram kemur m.a. að hætt hefur verið við stofnfjárukningu og fyrirhugaða sameiningu við Sparisjóðinn í Keflavík.

Byggðaráð fagnar því að með afgreiðslu stjórnar Sparisjóðsins, dags. 25.09.08, hafi verið eytt þeirri óvissu sem ríkt hefur um nokkurt skeið varðandi hugsanlega sameiningu við sparisjóðinn í Keflavík.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem skapast hafa á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum beinir byggðaráð Langanesbyggðar því til stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis að boðað verði til fundar með stofnfjáreigendum, svo fljótt sem auðið verður, og þar verði kynnt og rædd staða sparisjóðsins og þeir framtíðarmöguleikar sem til staðar eru.

Til afgreiðslu.

- Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 17.10.08.
Samþykkt að sveitarstjóri sækji ársfundinn.
- Fundur Héraðsnefndar, 24.10.08.
Lagt fram fundarboð á fund Héraðsnefndar Þingeyinga á Húsavík föstudaginn, 24.10.08. n.k. kl. 13.00. Sveitarstjóri sem er kjörinn fulltrúi Langanesbyggðar mun mæta á fundinn.
- Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn- Styrkumsókn.
Samþykkt að styrkja starfsemina um kr. 25.000,- Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.
- Alþjóðahús- þjónustusamningur.
Lagt fram bréf frá Alþjóðahúsi þar sem óskað er eftir samningi við sveitarfélagið varðandi þjónustu við innflytjendur innan þess. Samþykkt að fresta ákvörðun þar til fyrir liggur niðurstaða að fjölmenningsstefnu Eyþings. Vænta má þess að slík niðurstaða liggi fyrir innan fárra vikna.

4. Mál. Starfsmannamál.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála og kom m.a. fram í máli hans að Björgvin Axel Gunnarsson muni koma til starfa sem slökkviliðsstjóri 01.11.08. Einnig kom fram að allir

sumarstarfsmenn sem hefðu komið til starfa í áhaldahúsi séu hættir auk þess sem Stefán Óskarsson hafi látið af störfum þar. Sveitarstjóri gerði það að tillögu sinni að Sólveig Sveinbjörnsdóttir verði ráðin í fullt starf í áhaldahúsi og mundi hún að hluta til sinna afleysingu á Þórshafnarflugvelli, að hluta vigtun við Þórshafnarhöfn, og að hluta til almennum störfum í áhaldahúsi. Byggðaráð samþykkir samhljóða tillögu sveitarstjóra.

5. Mál. Erindi frá fundi hreppsnefndar, 19.09.08 – Reglur Félagsþjónustu Norðurþings.

Fyrir fundinum lágu reglur um úthlutun leiguíbúða hjá félagsþjónustu Norðurþings.

Sveitarstjóra falið, ásamt fulltrúa sveitarstjóra, að fara yfir nauðsyn reglusetningar og ef slíkt reynist nauðsynlegt að vinna drög að slíku og leggja fyrir byggðaráð.

6. Mál. Önnur mál.

- Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að leigusamningi vegna Pálmholt 6 hefði verið sagt upp og yrði íbúðin væntanlega laus til útleigu 01.12.08. Samþykkt að auglýsa íbúðina lausa til leigu er fyrir lægi staðfesting á því hvenær hún gæti losnað.
- Þjónustumiðstöð.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að gert væri ráð fyrir framlagi til þjónustumiðstöðvar á Þórshöfn í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009. Einnig upplýsti sveitarstjóri um að umdæmisstjóri Vegagerðar hafi vakið máls á þeim möguleika að fresta málinu um allt að því eitt ár. Nokkur umræða varð um málið.
- Tónlistarkennsla.
Fram kom að mikil óánægja er með það á meðal foreldra að ekki skuli vera boðið upp á tónlistarkennslu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að auglýsingar hefðu ekki skilað árangri en skólastjóri ynni að því að leysa málið.
- Vefmyndavél.
Samþykkt að fela fulltrúa sveitarstjóra að fullvinna áætlun um kostnað og valkosti varðandi uppsetningu vefmyndavélar á hafnarsvæðinu á Þórshöfn.

Fundargerð samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.48.

Björn Ingimarsson, ritari.